

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 7. tbl. 13. árg. september 2019

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar

16. október kl. 17:00-18:00

afh. breytt dagsetning

Íþróttahúsinu á Höfn

Það verður

Bítlatónlist sem ræður  
ferðinni í frumsömdu  
verki þar sem stór  
hópur nemenda stígur á  
svið og flytur.

Ekkí láta ykkur vanta á þennan  
einstaka viðburð.

Allir velkomnir



# Mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra

Það að eiga barn í grunnskóla hefur ekki aðeins mikil áhrif á líf barnsins heldur allrar fjölskyldunnar. Að vera skólaforeldri er ekki meðfæddur hæfileiki heldur þarf, líkt og með öll önnur hlutverk, að lærast. Það er heldur ekki til nein ein rétt uppskrift að skólaforeldri, ekkert fremur en að vera foreldri. Við erum fyrst og fremst mannleg, höfum mismunandi reynslu, viðhorf og væntingar, styrkleika og veikleiks. Hér eru hinsvegar nokkur mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra.

- Kenndu barninu þínu að takast á við áskoranir
- Kenndu barninu þínu að líta á mistök sem tækifæri til að læra af
- Kynntu þér námsmarkmið barnsins þíns
- Hafðu réttmætar væntingar til barnsins þíns um námsárangur og samskipti
- Hlustaðu á barnið þitt
- Talaðu af virðingu um skólafélaga barns þíns og foreldra þeirra
- Hjálpaðu barninu þínu til að leysa þau vandamál sem eru á færi þess að leysa
- Leitaðu skýringa í skólanum ef efasemdir vakna um nám og/eða velferð barns þíns
- Líttu á skólann sem mikilvægan samstarfsaðila og leggðu þitt af mörkum í samstarfinu
- Leggðu þig fram um að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við aðra skólaforeldra
- Sýndu námi barns þíns áhuga og veittu því stuðning
- Talaðu jákvætt um menntun og skóla barnsins
- Hafðu réttmætar væntingar til skólans
- Hjálpaðu barninu þínu að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn
- Vertu góð fyrirmynd



**„Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra“** (Kritin 9. september 2015)

## Vinnutími barna og ungmenna

Af gefnu tilefni viljum við minna á að skólaganga, heimanám og tómstundastarf er fyrir flest börn og unglinga full vinna. Ef ungmenni þarf að vinna er mikilvægt að foreldrar gæti þess að það bitni ekki á skólagöngu eða tómstundum. Með því að sinna ekki skólanámi eða tómstundum er ungmennið hugsanlega að glata mikilvægum tækifærum í framtíðinni. Hér fyrir neðan er tafla yfir **hámarks** vinnutíma barna og ungmenna 13 – 15 ára.

Tafla frá Vinnueftirlitinu

<b>Vinnutími</b> <b>Almennar reglur</b>	<b>Börn 13 -14 ára</b>	<b>Börn 15 ára í skyldunámi</b>	<b>Unglingar 15 -17 ára</b>
<b>Á starfstíma skóla</b>	2 klst. á dag 12 klst. á viku	2 klst. á dag 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
<b>Utan starfstíma skóla</b>	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
<b>Vinna bönnuð</b>	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
<b>Hvöld</b>	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

Í 7.-10. bekk eru nemendur í skólanum rúmar sex klukkustundir á dag. Þá eiga þeir eftir af fara í tómstundir og sinna heimanámi. Þetta tvennt er líka mikilvægt fyrir þroska barna og áriðandi að foreldrar fylgi ungmennum eftir í tómstundaiðkun líkt og skólagöngu.

# Leikföng í Kátakot

Á einhver bíla, brúður, playmo eða önnur leikföng sem henta börnum 6-8 ára?

Í Kátakoti tökum við gjarnan við slíkum leikföngum. Það má kom þeim í skólann eða beint í Kátakot hvenær sem er á starfstíma skóla.

## Matseðill október

- 01. okt. Skólabjúgu, soðnar kartöflur, grænar baunir, jafningur
- 02. okt. Bleikja. Soðnar kartöflur, brætt smjör
- 03. okt. Lasagne, hvítlauksbrauð
- 04. okt. Okkar skyr, brauð m/kindakæfu

- 07. okt. Ofnbakaður fiskur í raspi, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 08. okt. Ofnbakaðir kjúklingaleggir, steiktar kartöflur, brún sósa
- 09. okt. Soðinn þorskur, kartöflur, brætt smjör
- 10. okt. Hakkréttur, taco skeljar
- 11. okt. Blómkálssúpa, brauð m/kindakæfu/osti

- 14. okt. Plokkfiskur, rúgbrauð m/smjöri
- 15. okt. Kjöthleifur í Pítubrauði m/pítusósu og salati
- 16. okt. Nætursaltaður fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 17. okt. Lambagúllas, kartöflumú, grænar baunir
- 18. okt. Blómkálssúpa, brauð m/kindakæfu og m/osti

- 21. okt. Soðinn Þorskur, soðnar kartöflur, soðið grænmeti
- 22. okt. Kjúklingur m/pasta og hvítlauksbrauði
- 23. okt. Steiktur fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 24. okt. Lambasnitsel, soðnar kartöflur, sinnepsrjómasósa
- 25. okt. Hrísgrjónagrautur Brauð m/kjúklingaáleggi, m/osti

- 28. okt. Steiktur fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 29. okt. Hamborgari, franskar, kokteilsósa
- 30. okt. Fiskur í raspi, soðnar kartöflur, kokteilsósa
- 31. okt. Steiktar kjötbollur, soðnar kartöflur, brún sósa
- 01. nóv. Okkar skyr, brauð m/osti, m/skinku



**Það er gott og gaman að hjóla í skólann... þegar hjálmurinn er á kollinum! Hjalmanotkun er lögbundin að 15 ára aldri. Fullorðnir, verum góðar fyrirmyndir og notum líka hjálm.**